

Eftirlit - F-gös í einnota umbúðum

Dagsetning	4. mars 2020
Fyrirtæki	Stál og stansar ehf.
Heimilisfang	Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík
Kennitala	6302871119
Starfsemi	Verkstæði og verslun
Eftirlitsstaður	Vagnhöfði 7
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Flemming Þór Hólm
Fulltrúi UST	Ísak Sigurjón Bragason, Einar Oddsson
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Flemming Þór Hólm

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit hjá Stáli og stönsum ehf. þann 4. mars 2020 í kjölfar ábendingar um að þar væru boðnar til sölu efnavörur sem ekki stæðust kröfur efnalaga. Við athugun í verslunin fundust efnavörur sem ekki standast kröfur sem settar eru fram í efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

Þar sem markaðssetning tveggja vara hefur verið ólögleg um árábil eru úrbætur ekki mögulegar. Umhverfisstofnun mun því senda fyrirtækinu áform um að stöðva markaðssetningu vörunnar varanlega. Gerð verður krafa um að vörunum verði skilað til eyðingar hjá viðurkenndum móttökuaðila spilliefna og afrit kvittunar frá móttökuaðilanum, þar sem fram kemur magn efnisins sem skilað var, sent Umhverfisstofnun.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 4. mars 2020, þar sem kynnt var eftirlit í kjölfar ábendingar um vörur sem ekki standast kröfur efnalaga nr. 61/2013, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd laganna. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort tiltekna vörur í verslun fyrirtækisins uppfylltu kröfur um markaðssetningu. Þrjár vörur lentu í úrtaki eftirlitsins, um tvær þeirra er fjallað í þessari skýrslu en rannsókn vegna þriðju vörunnar er ekki lokið og verður fjallað um hana í annarri skýrslu þegar niðurstaða liggur fyrir í því máli.

Reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir¹, sem sett er með stoð í efnalögum nr. 61/2013 og innleiðir reglugerð (ESB) nr. 517/2014² um sama efni, kveður á um takmörkun á losun, notkun og meðhöndlun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda ásamt lekaleit, skráningu, setningu þeirra á markað og merkingar. Reglugerðin gildir einnig um menntun og hæfni starfsmanna sem meðhöndla flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ásamt kröfum um þjálfun og vottun starfsmanna og fyrirtækja.

Til flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sem jafnan eru kallaðar F-gös til styttingar, teljast vetnisflúorkolefni, perflúorkolefni, brennisteinshexaflúoríð og aðrar gróðurhúsalofttegundir sem innihalda flúor og eru skráðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014. Blöndur sem innihalda einhver þessara efna teljast jafnframt til F-gasa.

Um takmarkanir á setningu á markað er fjallað í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 en þar segir meðal annars að setning á markað á vörum og búnaði sem talin eru upp í III. viðauka við sömu reglugerð, með undanþágu fyrir herbúnað, skuli vera bönnuð frá þeirri dagsetningu sem tilgreind er fyrir viðkomandi vörur eða búnað í viðaukanum. Í 1. lið viðaukans er kveðið á um bann við sölu einnota ílátá fyrir F-gös sem notuð eru til að þjónusta, viðhalda eða fylla á kæli-, loftræsti, eða varmadælubúnað, brunavarnarkerfi eða rofbúnað, eða til notkunar sem leysar. Bannið sem um ræðir tók gildi 4. júlí 2007.

NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang þessa eftirlits voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki
A/C Pro Ultra Synthetic (340 g)	0 48168 45076 3
A/C Pro Ultra Synthetic (566 g) með slöngu og þrýstingsmæli	0 48168 45070 1

Um er að ræða tvær vörur sem báðar innihalda 1,1,1,2-tetraflúoróetan (HFC-134a, R-134a) í einnota málmhylkjum. Önnur varan inniheldur 340 g af efninu en hin 566 g. 1,1,1,2-Tetraflúoróetan tilheyrir flokki vetnisflúorkolefna og er skráð í 1. þætti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og heyrir því til F-gasa og fellur undir gildissvið reglugerðar nr. 1066/2019.

FRÁVIK³

Sala F-gasa í einnota ílátum er bönnuð skv. 1. mgr. 11. gr. og 1. ákvæði III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014 sem innleidd er í íslenskan rétt í reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Frávikið nær til beggja ofangreindra vara.

ÁBENDINGAR

Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundur er innflytjendum og söluaðilum skylt að halda skrá yfir allan innflutning og sölu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og vara sem

¹ Samsett reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, með tenglum á þýðingar innleiddra gerða Evrópusambandsins, á vef Umhverfisstofnunar: <http://umhverfisstofnun.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Fluor-GHL/samsett-reglugerd-nr-1066-2019.html>

² Íslensk þýðing reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir á vef EFTA: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32014R0517.pdf>

³ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

innihalda slíkar lofttegundir hér á landi og senda upplýsingar um innflutning og sölu hér á landi fyrir undangengið almanaksár til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert. Frá 1. janúar 2019 hefur innflutningur vetnisflúorkolefna (e. hydrofluorocarbons, HFCs) aðeins verið heimill þeim sem úthlutað hefur verið innflutningsheimildum skv. 10. gr. sömu reglugerðar.

Innflutningur F-gasa er enn fremur háður sérstökum skatti frá 1. janúar 2020 sbr. 13. gr. laga um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009 með síðari breytingum.

Reykjavík, 5. mars 2020



Ísak Sigurjón Bragason